

Sþ.

587. Nefndarálit

[50. mál]

um till. til þál. um athugun á stofnun bústofnslánadeildar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi hefur verið til athugunar hjá fjárveitinganefnd. Nefndin klofnaði um afstöðu sína til málsins. Meiri hlutinn leggur til, að tillögunni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Minni hlutinn telur hins vegar brýna nauðsyn bera til, að unnið verði að framkvæmd þessa máls, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt.

Þeir lánasjóðir, sem bændur eiga aðgang að umfram aðra, eru ræktunarsjóður, sem lána fé til ræktunar og byggingar útihúsa, og byggingarsjóður sveitabæja, sem veitir lán til byggingar íbúðarhúsa. Þessir sjóðir hafa yfirleitt getað séð fyrir lánnum til þessara framkvæmda, að því leyti sem reglur þeirra um hámarkslán hafa takmarkað, þar til nú á síðasta ári, að óvenjulegur dráttur var á lánveitingum. Veðdeild Búnaðarbankans er ætlað það hlutverk að aðstoða með lánveitingar til kaupa á bújörðum, og eru lán hennar miðuð við veð í fasteign. Deildin hefur yfirleitt verið féllitil og starfsemi hennar því ekki komið fullkomlega að því gagni, er henni er ætlað. Ekkert hefur enn þá gerzt, svo að kunnugt sé, er bætir úr fjárskorti veðdeildarinnar, og verkefni hennar er svo mikið og fjárhagur hennar svo erfiður, að mikið þarf til að bæta úr honum, svo að hún geti annað þeim verkefnum, sem henni eru ætluð. E. t. v. gæti hún komið að liði með lán til bústofnskaupa að einhverju leyti hjá þeim bændum, sem eru jarðeigendur, ef hún hefði yfir verulegu fjármagni að ráða, en öðrum bændum ekki, þar sem lán hennar eru bundin við veð í fasteignum. Tillaga þessi stefnir hins vegar að því, að lán úr bústofnslánadeild verði veitt út á veð í bústofninum sjálfum, svo að ekki þurfi fasteign né aðrar eignir en búfé til þess að geta notið þeirra.

Okkur, er að þessu nefndaráliti stöndum, er ljóst, að ýmis vandkvæði eru á framkvæmd þessa máls, er þarf gaumgæfilegrar athugunar við. Hins vegar teljum við málið svo mikið nauðsynjamál fyrir framtíð landbúnaðarins, ekki sízt nú, þegar aukin verðbólga o. fl. torveldar ungu og efnalitlu fólki að hefja búrekstur og bændum yfirleitt að auka bústofn sinn, að ekki verði hjá því komizt, að þeir aðilar, sem bezt til þekkja, leggi til ráð við lausn þessa máls, svo sem tillagan gerir ráð fyrir. Við teljum því mikilvægt, að hún nái fram að ganga, og mælum með samþykkt hennar.

Alþingi, 31. maí 1960.

Halldór E. Sigurðsson,  
frsm.

Ingvar Gíslason.

Björgvin Jónsson.